



Fagdeild sálfræðinga við skóla

Starfsárið 2024

Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla leggur áherslu að taka þátt í umræðum um málefni sem snúa að börnum, menntun þeirra og velferð, meðal annars með gefa umsagnir um mál sem stjórnvöld leggja áherslu á í þeim málaflokkum. Á árinu 2024 skilaði stjórnin umsögn um frumvarp til laga um inngildandi menntun í samráðsgátt stjórnvalda.

Fagdeild sálfræðinga við skóla er virk í norrænu starfi stjórna sálfræðinga við skóla. Annað hvort ár hittast stjórnirnar og færast fundurinn á milli landa. Í ár héldu Finnar fund stjórnanna í Helsinki 22.- 24. maí. Á fundinum héldu finnskir kollegar erindi um rafrænt inngríp til efla tilfinningafærni nemenda, hlutverk skólasálfræðinga í samfélaginu og seiglu nemenda. Líflegar umræður og kynningar á nýjungum í störfum frá hverju landi voru einnig á dagskrá. Á fundinn fóru Álfheiður Guðmundsdóttir, Edda Sif Gunnarsdóttir og Ingibjörg Sigurjónsdóttir fyrir hönd fagdeildarinnar.

Fagdeild sálfræðinga við skóla hélt árlegt haustþing sitt að Hótel Örk í Hveragerði 7.-8. nóvember. Á dagskrá þingsins voru meðal annars erindi um trans og taugafjölbreytileika, um áföll og viðbrögð við þeim og öðrum krefjandi aðstæðum, undirbúning á stöðlun ECAD vitsmunaprófsins auk umræðna um fagið og breytingar á skólaþjónustu.

Í stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla frá hausti 2023 til hausts 2024 voru:

Álfheiður Guðmundsdóttir

Edda Sif Gunnarsdóttir

Helgi Þór Harðarson

Ingibjörg Sigurjónsdóttir

Sólveig Rósa Davíðsdóttir

Í nóvember 2024 stigu Ingibjörg og Sólveig Rósu úr stjórn og nýjar í stjórn eru:

Elsa Kristjánsdóttir

Thelma Rún van Erven